

Línuhönnun hf
Pröstur Grétarsson
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík

2007080078
0000; 9310

Reykjavík, 7. nóvember 2007
/--

Efni: Stækkun kjúklingabús Matfugls ehf, Melavöllum, Kjalarnesi. Ákvörðun um matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Matfugls ehf. að matsáætlun um stækkun kjúklingabúsins á Melavöllum, Kjalarnesi, Reykjavík.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Línuhönnunar hf. dags. 2. október 2007 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Matfugl ehf. Stækkun kjúklingabús á Melavöllum Kjalarnesi. Línuhönnun hf. 2. október 2007.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Reykjavíkurborg, Fornleifavernd ríkisins, Landbúnaðarstofnun, Umhverfisstofnun og Umhverfissvið Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Reykjavíkurborg með bréfi dags. 29. október 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 22. október 2007, Landbúnaðarstofnun með bréfi dags. 18. október 2007, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 26. október 2007 og Umhverfissviði Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 26. október 2007. Skipulagsstofnun barst athugasemd frá Ásthildi Skjaldardóttur og Birgi Aðalsteinssyni landeigendum á Bakka með bréfi sem barst 19. október 2007. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 1. nóvember 2007.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í umsögnum Reykjavíkurborgar, Fornleifaverndar ríkisins og Landbúnaðarstofnunar eru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Matfugls ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í tölvupósti Línuhönnunar hf. dags. 1. nóvember 2007 og með eftirfarandi athugasemdum.

Gerð starfsleyfis

Skipulagsstofnun telur í ljósi athugasemda Umhverfisstofnunar, Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar og landeigenda á Bakka að samhliða frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar stækkunar kjúklingabúsins að Melavöllum verði unnið að starfsleyfi og drög þess lögð fram sem viðauki í frummatsskýrslu. Þetta telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt þar sem umhverfisáhrif framkvæmdarinnar munu helst tengjast beinum rekstri alifuglabúsins. Við vinnslu starfsleyfis mun skýrast nánar hvernig haga ber starfseminni m.t.t. hættu á áhrifum, t.d. lyktar- og vatnsmengunar.

Framkvæmdasvæði og kostir

Í kafla 3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um framkvæmda - og áhrifasvæði, þar sem m.a. er fjallað um landnotkun svæðisins samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur, sem er landbúnaður. Skipulagsstofnun mælist til þess að umfjöllun um skipulagsmál, sbr. kafla 5 í tillögu að matsáætlun, verði tengd inn í kafla sem fjalla á um framkvæmdasvæði og kosti.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er vísað til leyfilegrar 500 m lágmarksfjarlægðar á milli alifuglabúa og mannabústaða skv. 24. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og óskað eftir frekari umfjöllun um þann þátt í frummatsskýrslu. Jafnframt gera ábúendur á Bakka athugasemdir við að þrátt fyrir að 700 m séu á milli íbúðarhúss þeirra og alifuglabúsins á Melavöllum sé mun styttra á milli þess og landsvæðisins sem Bakki nýtir undir kúabúskap. Skipulagsstofnun telur ekki ástæðu til þess að efast um að ákvæði umræddrar greinar í reglugerð um hollustuhætti sé framfylgt, en bendir á að í frummatsskýrslu komi fram skýr niðurstaða skipulagsyfirvalda í Reykjavík, um að fyrirhugað umfang alifuglaræktar á Melavöllum og kúabúskapur á Bakka geti farið saman. Slíkt mat ætti að hafa farið fram við umhverfismat á deiliskipulagsbreytingu og gera þarf grein fyrir niðurstöðum þess mats í frummatsskýrslu. Skipulagsstofnun telur æskilegt að eftir atvikum verði vísað til annarra niðurstaðna sem fást úr umhverfismati vegna breytingar á deiliskipulagi, sérstaklega m.t.t. áhrifa á aðliggjandi jarðir og starfssemi þeirra.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í kafla 4.3. í tillögu að matsáætlun er fjallað um magn, næringarefnainnihald og meðhöndlun hæsnaskíts. Fram kemur að framkvæmdaraðili hafi í samráði við Landbúnaðarháskólann, Umhverfisstofnun og Umhverfissvið Reykjavíkurborgar staðið fyrir mælingum á magni og efnainnihaldi hæsnaskíts, sem verði greint frá í frummatsskýrslu. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að niðurstöðurnar verði sýndar með skýrum og auðlæsilegum hætti, en jafnframt að gögnin sem niðurstöðurnar byggja á verði aðgengileg, t.d. í sérstökum viðauka.

Þá fer Skipulagsstofnun fram á að í umfjöllun um dreifingu og geymslu hæsnaskítsins verði greint frá hvar og hvernig geymslu skítsins verði háttað, fjallað verði um hvort skíturinn verði þurr eða blautur við dreifingu og hvort honum verði aðeins dreift beint á jörðina, plægður niður eða einhverjum öðrum aðferðum beitt. Í ljósi þess skuli meta hvort munur myndi reynast á umhverfisáhrifum ólíkra geymsluháttanna og dreifingaleiða m.t.t. lyktarmengunar og áhrifa á landnýtingu nærliggjandi jarða. T.d hvort áhrifa muni gæta í Blikadalsá, sem er að sögn ábúenda á Bakka helsta vatnsból búpenings þeirra þegar hann er úti við.

Skipulagsstofnun tekur undir ítrekanir Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar þar sem lögð er áhersla á að sérstaklega verði gerð grein fyrir geymslu og flutningi skítsins frá 1. nóvember – 15. mars, þegar óheimilt er að dreifa búfjáráburði. Þá leggur Skipulagsstofnun til að í drögum að starfsleyfi verði hugað að ákvæðum m.t.t þeirra áhrifa sem dreifing og geymsla hæsnaskítsins mun hafa í för með sér.

Í kafla 4.5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um lyktarmengun. Í umsögn Umhverfisstofnunar eru gerðar athugasemdir við að eingöngu verði stuðst við vindmælingar frá mælistöð Veðurstofunnar á Skrauthólum, þar sem Esjan hafi mikil áhrif á vindafar á Kjalarnesinu, bæði stefnu og styrk vindsins. Þá benda ábúendur á Bakka á að meira beri á lykt eftir síðustu stækkun búsin, þ.e. stækkun í 84 þúsund stæði. Framkvæmdaraðili bendir á að aðallega beri að skoða hverjar vindáttir séu í hægum vindi, þegar mestu líkur eru á lyktarmengun í nágrenni búsin. Þá séu áhrif Esjunnar minni en í hvassviðri og við þær aðstæður ættu mælingar á Skrauthólum að gefa góða mynd af aðstæðum við Melavelli.

Skipulagsstofnun telur ásættanlegt að notast við vindmælingar frá Skrauthólum til að meta aðstæður á Melavöllum, sérstaklega í hægari vindi. En Skipulagsstofnun fer aftur á móti fram á að í frummatsskýrslu verði greint frá því hverjar helstu uppsprettur lyktarmengunar eru, hvort þær séu alifuglabúið sjálft, geymslur hæsnaskítsins og/eða þau svæði sem áburði er dreift á og þá hversu lengi lykt berist frá þeim svæðum. Með hliðsjón af framangreindu og tíðni norðlægra átta í hægum vindi, sem helst mun hafa áhrif á bæinn Bakka m.t.t lyktar, skal framkvæmdaraðili gera grein fyrir hugsanlegum mótvægisáðgerðum.

Þóroddur F. Þóroddsson

Rut Kristinsdóttir

